

Ræða flutt á Hótel Borg, 14. nóv. 1981.

Almennur fundur um
kvennaframboð.

Konur - konur- konur.

Eru ekki allir orðnir hundleiðir á þessu sífелlda kjaftægi um konur. Stöðu konunnar, mðurhlutverkið, eiginkonuna, konur sem kynntákn, konur í atvinnulífinu, kjaramál kvenna konur í stjórnmálum og valdastöðum, kvennamál, kvennalíf, kvennapólitík, kvennaframboð. Skelfing sem þetta er útjaskað og leiðinlegt. Jú, vísast eru allir orðnir leiðir á þessu - nema konur.

Það er dæmigert fyrir ~~víkjandi~~, ^{entan} birtningarmynd þess hvar völdin liggja að kvennamál skuli ekki vera í brennidepli í opinberri umræðu. Af hverju eru ekki fjölmíðlar stútfullir af efni sem varða þessi mál? Af hverju logar ekki Alþingi. Því berst ekki ómur af heitum kappræðum um kvennamál af samningafundum? Úr röðum verkalyðshreyfingar ~~xinnar~~ og stjórnmálaflokkar? Eg þarf ekki að spyrja þessara spurninga, því síður að svara þeim. Við vitum allar svarið. En það er ekki nóg að vita svarið. Við verðum að draga af því ályktanir. Eigum við að sætta okkur við að málefni kvenna séu þöguð í hel. Eigum við að láta karlana komast upp með það, að láta eins og þetta sé bara eitthvert fjas í nokkrum örgum kellingum. Þegar við vitum að þetta eru þau mál sem konur eru að ræða um í einni eða annarri mynd, sí og æ og alls staðar.

Kvennamál, segja karlarnir, þá sjaldan að þeir ljúka upp munni í þessu sambandi. Það er ekkert sem heitir kvennamál. Svo er minnt á, í örlítið - vertu góð, annars verður pabbi reiður - tóni, að þessi svokölluðu kvennamál varði alla. Og þar hafa þeir svo sannarlega rétt fyrir sér. (Engum er alls varnað.)

Hver eru þá þessi margumræddu kvennamál. Við kunnum svör við þeirri spurningu líka. Æg ætla þá að ganga skrefi segja lengra og ~~spyrja~~, ekki eins og karlarnir, það eru engin kvennamál, heldur, það eru öll mál kvennamál. Það eru alls staðar verk að vinna fyrir konur. Það vantar okkar sjónarmið í uppbyggingu flestra ef ekki allra þátta þjóðfélagsins.

Það er ekki þar með sagt að sjónarmið karla og kvenna geti ekki oft farið saman. /A það hefur bara svo sjaldan reynt. Við höfum ekki verið til staðar þegar og þar sem ákvarðanir eru teknar. En hafa konur þá aðra sýn en karlmenn? /Já, nú er maður kominn út á hálan ís. En þá er bara að bera sig karlmannlega og reyna að fóta sig, /Pví skyldu konur ekki hafa aðra sýn en karlmenn. Það er alls staðar viðurkennt og hafið yfir allan vafa, að uppeldi, umhverfi, búseta, menntun og atvinna, séu meðal þeirra þátta sem móti fólk. Það er hiklaust talað um sjónarmið og hagsmuni t.d. bænda, sjómanna, stúdenta, atvinnurekenda, verslunarmanna og þá gengið út frá einhverjum sér sjónarmiðum og reynslu sem séu sprottin úr starfi. Konur eru þær einu sem ekki er hægt að viðurkenna að búi yfir sérstakri reynslu, sem beri að taka tillit til. Reynslu byggða á eigin líffi, eigin vinnu. Það er gengið svo hart fram í að ræna þær viðurkenningu á þessari reynslu, að jafnvel sumar konur afneita henni. En hversu mikið sem þær kunna að reyna að afneita sinni eigin reynslu, sitja þær uppi með hana. Sitja uppi með þær skyldur og kvaðir, sem fylgja því að vera kona. Sumar hverjar mjög ljúfar skyldur og sjálfsagðar, aðrarar mjög erfiðar og óréttlátar. Jafnvel ljúfustu skyldur eins og að ala börn og annast, geta snúist upp í andhverfu sína, þegar erfiðið verður of mikið,

, ábyrgðin of þung að axla og enginn til að deila erfiðinu og þunganum með. Og það er því miður blákaldur veruleiki margra kvenna, ekki bara einstæðra mæðra, þó þeirra sé byrðin oft þyngst. Konur sitja oft einar uppi með alla ábyrgð á börnum og heimilishaldi, velferð fjölskyldunnar, skipulagningu og framkvæmd daglegs lífs. Og svo á að halda því fram að þetta sé engin reynsla, að þetta móti okkur ekki. Nú kann þetta að hljóma eins og okkar reynsla sé einungis neikvæð og að við viljum vera án hennar. Þvert á móti. Þetta, að bera ábyrgð á lífi og velferð annarra er sjálf-sagt jákvæðasta reynsla sem um getur og við viljum ekki losna við hana. Bara deila henni niður á fleiri. Ekki bara til að losna sjálfar, ~~hækður~~, til að fleiri njóti góðs af. Þjóðfélagið verður að koma til móts við okkur og karlmenn sem einstaklingar verða að gera það líka. Við öxlum svo sannarlega okkar hluta í rekstri þjóðfélagsins og af hefðbundinni ábyrgð karlmannna. Konur vinna utan heimilis. Þær afla tekna; fyrir þjóðarbúið, fyrir heimilin, ~~þær~~^{og} borga skatta. Þær víkjast á engan hátt undan, nema --- þær ku ekki vilja axla ábyrgð.----

Þá er nú fyrst til að taka, að það er nú ekkert verið að nauða í konum á hverjum degi að taka að sér það sem kallað er "ábyrgðarstöður". Og í öðru lagi. Hvernig í ósköpunum ættu þær að geta það. Hvar er tíminn, aðstaðan, menntunin og allt sem til þarf? Og löngunin? ~~þekktar~~ Inn í þetta kemur líka skilgreiningin á því hvað er ábyrgð og hverjir ráða þeirri skilgreiningu. Fyrir nú utan ~~þekktar~~ líkjóttarhlægilega að það hljómar hálflhlægilega að bjóða konum ábyrgðarstöðu. Þær hafa hana flestar fyrir!

Hvar er þá ábyrgð karlmannna, fyrst konur axla hana svona

míkla? Jú, jú, vissulega bera þeir ábyrgð á mörgu, en þeim tekst ótrúlega að víkja sér undan ábyrgð á einkalífi sínu og sinna. Fyrir utan fjárhagslega ábyrgð, sem konurnar deila nú oftast með þeim, bæði í tekjuöflun og ráðstöfun tekna, bera þeir fyrst og fremst e-s konar huglæga ábyrgð. Þeg efast ekki um að karlmenn vilji börnum sínum vel, vilji að þeim vegni vel í lífinu, hvaða skilning sem við svo leggjum í það, en það er ekki nóg að vilja vel, það eru verkin og framkvæmdin sem skipta máli. Á þann eina hátt öðlast maður reynslu af starfi að maður vinni það, finni á sínum eigin skrokki hvað það er erfitt, tímafrekt, skemmtilegt, leiðinlegt, frjótt, niðurdrepandi og mikilvægt. Meðan karlmenn sleppa að mestu við þessi störf, þ.e. heimilisstörf í víðtækustu merkingu, geta þeir ekki skilið mikilvægi þeirra, skilið hvað þau eru tímafrek, geta ekki borðið þessa reynslu með sér út í þjóðfélagið, geta ekki tekið tillit til hennar í uppbyggingu og skipulagningu. Geta ekki skilið að á tínum eins og þessum, þegar konur bæði vilja og verða að hasla sér völl utan heimilis líka, verður allt að lúta að því að þeir þættir sem þær önnuðust áður einar og gera enn ~~xerðumxxaxxleyxa~~ séu leystir með örðu móti, fundnar nýjar lausnir. Þess vegna er flest það sem flokkað er undir félagsmál svo aftarlega á óskalista stjórnmálakarlmannna, einfaldlega þeir ~~xxixixxx~~ skilja þau ekki. Ekki á sama hátt og konur.

Þessi sérstaka reynsla og sýn kvenna á svo sannarlega erindi inn á öll svið þjóðlífssins. En til þess að hún nái þangað verðum við að bera hana fram sjálfar. Þil þess að það sé mögulegt verður að breyta ýmsu. Krefjast aukinnar ábyrgðar samfélagsins sem heildar á börnum og málafnum sem varða fjölskylduna. Að þjóðfélagsuppbyggingin taki mið af okkar þörfum, okkar lífi. Krefjast aukinnar félagslegrar þjónustu.

EN
EINHVERF
JELNA
PESSA
SKILNINGU
LEYJI
JOTTISI
ÞEIM SVO
LÉTT AB
VANNETTA
STÓRÍKUNAN
ARÐI / NAMN
HLÍMLUS
SEK
U. TAN

En tæknilausnir eins og stofnanir, dagvistunarheimili, mötuneyti o.fl. leysa ekki allan vanda, koma ekki í stað heimilis, foreldra, fjölskyldu. Enda viljum við það ekki, nema innan skynsamlegra maæka. Við viljum ~~xix~~ sinna hefðbundnum hlutverkum okkar áfram, við viljum líka vinna úti, vera fjárhagslega sjálfstæðar, afla okkur menntunar og taka þátt í félags- og menningarlíf. Þetta verður ekki gert nema að við köllum karlmennina til ábyrgðar á heimavígstöðvum. Til þess að það sé hægt þarf að sveigja atvinnulífið að breyttum þörfum og kröfum og það held ég að verði ekki gert án ~~þátttökku~~ kvenna.

En er þetta ekki allt tóm eicingirni í konum. Barlómur vegna þess að það sé svo leiðinlegt að vera kona, þær bara öfundir karlmenn. Nei, alls ekki. Því aðeins fer maður upp á dekk, að maður telji sig eiga eitthvert erindi. Tryði því að það gæti líka verið karlmönnum til góðs að tileinka sér meira okkar lífssýn, kenna þeim að rækta í sér kveneðlið. Rækta í sér kveneðlið, segi ég og er fúlasta alvara. Það held ég að kæmi til góða, ekki bara inni á heimilum, heldur út í þjóðféluginu líka. Það eru svo ótal mörg verkefni þar sem þarfnast "mýkri lausna" en nú er. ~~G~~

~~Eg~~ En hvað kemur þetta nú allt kvennaframboði í Reykjavík við. Ekki breyta ~~kenn~~ nokkrar kvensur í viðbót í borgarstjórn Reykjavíkur öllu þessu. Nei, nei, þær gera ^{málum} það ekki. En það er búið að gera þeim/sem þar væri hægt að hafa áhrif á svo ágæt skil að mér fannst freistandi að láta gamminn geysa og reyna með því að renna fleiri stoðum undir nauðsynina á kvennaframboði. Konur eiga fullt erindi fram á stjórnmalavöllinn. Ekki bara sjálfra sín vegna heldur samfélagsins í heild.

En hvers vegna konur sér. Af hverju ekki við hlið karla. Jú það væri kannski allt í lagi ef við kæmumst einhvern tíma

upp að hliðinni á þeim. En það virðist vera alveg sama hversu hratt konurnar hlaupa, karlarnir hlaupa alltaf hraðar. Eða hafa þeir bara svona mikið forskot? Mér finnst það óþarf langlundargeð að ~~kví~~ ætla að bíða eftir því að karlmennirnir linni hlaupunum. Auk þess sem ég er ekkert viss um að konum falli mjög þessi kapphlaupsstemning. ~~Það er ein af ástæðunum fyrir því að konur sækja ekki mikið inn í stjórnmálflokkana.~~ Æg held að það sé heillavænlegra í bili að við ~~búumxekkumxxtíxekkumxéigum~~ mörkum okkar eigin braut. Pannig getum við best stutt hver aðra og látið okkar sjónarmið koma fram ómenguð. Karlarnir hafa líka haft svo ágætan tíma til að raða sínum helmingi af púsluspilinu í friði, tökum nú til við okkar helming, líka í friði og þá vonandi geta þessir tveir helmingar runnið saman í heillega og fallega mynd áður en yfir lýkur.

En sumar konur kjósa að taka þátt í olnbogakapphlaupi stjórnmálflokkanna, sumar vilja ~~sérlíx~~ kvennalista við hlið hinna listanna, sem væntanlega verða þá ~~hré~~inir karlalistar. Fínt, ég óska þeim gæfu og gengis. Því fleiri því betra. Kvennaframboð er engin stríðsyfirlýsing á hendur þeim konum sem hafa starfað og vilja starfa í flokkunum. Heldur ekkert vanmat á þeirra störfum. Kvennaframboð er bara einn möguleiki í viðbót og sá álitslegasti að mínu mati. Annars stæði ég ekki hér.

Ég trúí því að konur geti lyftsér upp yfir dægurþras og lávkuru. Megni að líta fremur á það sem sameinar en sundrar, og vissulega gæti margt sundrað. Mér dettur ekki í hug að konur séu sammála um allt. En það eru svo mörg mál sem eru brýn og aðkallandi, mál sem karlmennirnir ætla að draga úr hömlu að leysa að konur verða að taka höndum saman og taka á þeim málum sem sameina þær með sameinuðum krafti

Karlmenn ætla ég ekki að biðja um neitt annað en að þeir leyfi okkur að vera dálítið í friði. Spyri sjálfa sig af hverju við séum að hverju við séum að bessu brölti, fordæmi bað bara ekki.

Það sagði við mig maður, karlmaður, við mig um daginn að hann hefði fyllstu samúð með konum í þeirra baráttu. Eg svaraði honum því til að samúð þyrftu þeir einir sem væru að renna niður, ekki þeir sem sækta á brattann. Og sækjum á brattann. Það getur vel verið að einhverjur flokkar tapi á því, en konur hafa engu að tapa.